

VIÐTAL



Anna Birna Jensdóttir segir uppbyggingu Sóltúns hafa verið draumaverkefnið.

Morgunblaðið/Árni Sæberg

Þurfum að hugsa í gæðum

Anna Birna Jensdóttir, sem verið hefur framkvæmdastjóri Öldungs hf. í rúm 20 ár eða frá stofnun Sóltúns hjúkrunarheimilis, lætur senn af störfum en tekur við sem starfandi stjórnarformaður hjá Sóltúni heilbrigðisþjónustu ehf. Hún segir þessi ár hafa liðið hratt og starfsemin gefið góða raun. Viða sé þó pottur brotinn í kerfinu og láðst hafi að gera ráð fyrir fjölgun eldri borgara.

Orri Páll Ormarsson orri@mbl.is

Sóltún stendur svo sannarlega undir nafni þennan miðvikudag í byrjun september enda tók sumarið óvænt krappa beygju og ákvað að líta sem snöggvast við hér á hjara veraldar.

Það er líka hjart yfir framkvæmdastjórnunum á Sóltúni hjúkrunarheimili, Önnu Birnu Jensdóttur, enda er hún að söðla um eftir rúm tuttugu ár í starfi og leggja keflið í hendur yngra fólks. Ekki þarf að biðja hana tvisvar um að koma út í blíðuna vegna myndatöku. „Það er einhvern veginn léttara yfir öllu þegar veðrið er svona gott; það finnum við vel á fólkinu okkar hérna,“ segir hún á meðan Árni Sæberg gerir myndavélina klára.

Já, mannbreytingar hafa verið gerðar meðal lykilstjórnenda hjá Sóltúni heilbrigðisþjónustu ehf. (SH) og dótturfélögum og taka þær gildi 1. nóvember. SH rekur Sóltún hjúkrunarheimili, Sólvang hjúkrunarheimili, Sóltún heima, Sóltún heilsusetur og Sólstöður. Halla Thoroddsen verður nýr forstjóri SH. Dótturfyrirtæki SH eru Sóltún öldrunarþjónusta ehf. og Öldungur hf. Halla var áður framkvæmdastjóri Sóltúns öldrunarþjónustu sem rekur Sólvang hjúkrunarheimili, Sóltún Heima og Sóltún Heilsusetur á Sólvangi. Anna Birna, sem hefur verið framkvæmdastjóri Öldungs hf. í rúm 20 ár, eða frá stofnun Sóltúns hjúkrunarheimilis, hættir störfum sem framkvæmdastjóri en tekur við sem starfandi stjórnarformaður hjá SH. Þórir Kjartansson, sem hefur verið stjórnarformaður Öldungs undanfarin 13 ár, vikur sem stjórnarformaður en situr áfram í stjórn félagsins ásamt Arnari Þórisssyni.

„Já, það eru tímamót í sögu Sóltúns og við fögnuðum 20 ára starfsafmæli á þessu ári en við opnuðum í janúar 2001,“ segir Anna Birna þegar við höfum komið okkur fyrir í fundarherbergi inn

af skrifstofu hennar. „Þessi tími hefur liðið alveg ótrúlega hratt. Maður staldrar gjarnan við á svona tímamótum en ég hef setið í þessum forstjórastól allan þennan tíma. Raunar frá því að hugmyndin kom fyrst fram og ákveðið var að taka þátt í þessu útbóði, sem sætti tíðindum á sínum tíma. Þetta var enda fyrsta verkefnið þar sem boðin var út einkaframkvæmd í öldrunarþjónustu. Það var ekki bara verið að bjóða út rekstur heldur áttu bjóðendur að leggja til húsnæði og allan búnað. Þannig séð var þetta einstakt.“

Var í raun draumaverkefnið

Anna Birna er hjúkrunarfræðingur og var á þessum tíma yfirmaður á öldrunarþjónustu Landspítalans. Hún segir þetta hafa verið einstakt tækifæri og í raun draumaverkefni sitt. „Ég, ásamt ráðgjöfum, arkitektum og fleirum, settumst niður og ræddum hvernig við sæjum best fyrir okkur að byggja upp hjúkrunarheimili til framtíðar sem væri eftirsótt og myndi mæta þörfum fólks sem ekki gæti útskrifast af sjúkrahúsi og væri um leið aðlaðandi vinnustaður. Við gerðum okkur grein fyrir því að ætli maður sér að vera í fararbroddi er ekki nóg að húsnæði sé gott. Þjónustan þarf líka að vera góð og starfsmannahópurinn framúrskarandi.“

Að sögn Önnu Birnu er starf á hjúkrunarheimili í senn gefandi og krefjandi; umönnunin geti verið þung. „Við hönnuðum húsið þannig að það væri bæði gott að vinna í því og búa og að mínu mati tókst það afskaplega vel; það hafa árin sýnt. Við höfum líka verið mjög lánsöm í starfsmannamálum og erum enn þá meðal eftirsóttustu hjúkrunarheimilanna á landinu.“

– Hvers vegna stendur þú upp úr stóli forstjóra núna?

„Þegar eftirlaunaaldurinn er í augnsýn er gott að standa upp og rýma til fyrir yngri kynslóðum.

„Fyrir hverjar kosningar eru öldrunarmál alltaf ofarlega á blaði og mikið um loford en síðan gerist afskaplega lítið.“

Við höfum verið svo lánsöm að fá í okkar raðir alveg afbragðsfólk sem tekur núna við frekari uppbyggingu Sóltúnsfélaganna. Verkefnið hafa vaxið jafnt og þétt og reksturinn gengið almennt vel.“

Anna Birna verður, sem fyrr segir, starfandi stjórnarformaður regnhlífarfélagsins Sóltúns heilbrigðisþjónustu og það hlutverk leggst vel í hana. „Í því felst hefðbundið eftirlit og stuðningur stjórnar við starfsemina og eins að vinna að framtíðarverkefnum sem stutt geta við öldrunarþjónustuna og heilbrigðisþjónustuna yfir höfuð. Ég verð ekki lengur með aðsetur hér í Sóltúni 2 og vinnutíminn verður ekki lengur frá 9 til 17. Það verður heilmikil breyting.“

Anna Birna segir það mikla gæfu að lykilstjórnendur komi innan frá, utan einn, mannauðsstjórninn Baldur Gísl Jónsson, sem kemur frá Landsbankanum. Gott sé að fá hann inn í hópinn enda búi hann yfir mikilli reynslu og þekkingu. Þá sé alltaf gott að hafa karlmann í hópnum enda hafi teymið meira og minna staðið saman af konum gegnum tíðina. „Það er hins vegar ánægjulegt að karlmonnum hefur farið fjölgandi í hópi starfsmanna. Þá er ég að tala um hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og almenna starfsmenn. Inga Eyþórsdóttir verður framkvæmdastjóri hjúkrunar og Hildur Björk Sigurðardóttir forstöðumaður á Sóltúni og Helga Sæunn Sveingjörnsdóttir forstöðumaður á Sólvangi, allt reynslumiklir og öflugir stjórnendur.“

Samfélagsgerðin hefur breyst

Samfélagsgerðin hefur breyst á Íslandi í áramna rás og lífslíkur fólks alltaf að aukast. Það þýðir að fólk kemur að jafnaði seinna inn á hjúkrunarheimili en það gerði áður og staldrar skemur við; dvalartíminn er að meðaltali um tvö ár, að sögn Önnu Birnu. „Þetta fólk þarf að jafnaði mikla þjónustu enda orðið mjög fullorðið. Meðalaldurinn hjá okkur er 87 ár og enginn yngri en 70 ára. Stefnan er að fólk sé sem lengst heima en það er alltaf mikið öryggi í því fólgið fyrir fólk að flytja inn í þjónustuuorræði, bæði fyrir einstaklinginn sjálfan og hans nánustu.“

Að sögn Önnu Birnu er að jafnaði skipt um þriðjung íbúa á ári. „Hvert dauðsfall tekur auðvitað á og við reynum eftir fremsta megni að taka þátt í sorginni með aðstandendum sem er mjög þroskandi að því leyti að maður kynnist fólki eins nálægt innsta kjarna þess og hægt er.“

Sóltún heima var sett á laggirnar til að freista þess að hjálpa fólki að búa lengur heima. Fjölbýlishúsin við Sóltún 1-3 voru byggð en síðar seld á almennum markaði til eldri borgara. „Þetta gerði okkur kleift að bjóða upp á þjónustu heima við og aðgang að máltíðum og fleiru hér í Sóltúni 2. Þess ber þó að geta að við höfum ekki enn náð samningi um greiðsluþátttöku hins opinbera í heimaþjónustunni, þannig að þetta er viðbót- arþjónusta sem fólk kaupir sér og greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá. Þessu hefur verið mjög vel tekið enda vilja margir halda í eigin búsetu sem lengst. Sérstaklega fólk sem enn er með skýra hugsun. Það liggur í hlutarins eðli að erfiðara er fyrir fólk með heilabilun að búa eitt heima hjá sér.“

Uppbyggingin hefur gengið seint

Þegar Anna Birna lítur um öxl yfir þessi 20 ár þá harmar hún hversu hægt uppbyggingin í öldr-

VIÐTAL

unarþjónustunni hefur gengið í samfélaginu sem heild. Sömu vandamálín séu enn fyrir hendi. Það skortir úrræði. „Í tölum séð hefur lítið breyst en á sama tíma hefur markhópurinn stækkað og hlutfallslega er alltaf að fjölga í hópi eldri borgara. Það eru mjög stórir árgangar komnir með þjónustubörf og við Íslendingar höfum ekki verið nógu duglegir að búa okkur undir það. Þessi staða á ekki að koma neinum á óvart og hvers vegna í ósköpunum hafa menn ekki hugsað fyrir þessu og hafið undirbúning?“

– Er það dæmigert íslenskt hugarfarar?

„Ég veit það ekki en benda má á að sama vandamál er uppi með biðlista inn á leikskólana. Maður hefði haldið að það ætti að vera í jafnvægi en er ekki. Hvað þá þetta. Alltof margir eru að biða eftir þjónustu og þess utan er spítalinn fullur af fólki sem bíði er að fá þá meðferð og þjónustu sem spítalinn getur veitt en getur ekki útskrifað í hjúkrunarúrræði vegna þess að það er ekki til. Þetta helgast fyrst og fremst af því að menn hafa ekki horfst í augu við breytingar á aldurs-samsetningu þjóðarinnar.“

– Er það ekki á ábyrgð stjórnmalámana?

„Auðvitað taka þeir þessar ákvarðanir. Fyrir hverjar kosningar eru öldrunarmál ofarlega á blaði og mikið um loforð en síðan gerist afskaplega lítið.“

Að áliti Önnu Birnu eru tíð ráðherraskipti ekki til þess fallin að bæta stöðuna. Á þessum 20 árum, sem hún hefur verið forstjóri Sóltúns, hafa 11 heilbrigðisráðherrar setið í embætti og sumir hverjir staldrað stutt við. „Petta er ávisun á tafir; við þurfum alltaf að byrja upp á nýtt að kynna málin fyrir nýjum ráðherra. Auðvitað er starfsfólk ráðuneytisins sumt hvert upplýst en ráðherrarnir eru eins ólíkir og þeir eru margir og koma gjarnan úr ólíkum flokkum. Petta er allt besta fólk og vill gera vel en því miður þokast ofsalega hægt. Það er einhver kerfisvilla fyrir hendi. Gæðahugsunin þarf að vera hluti af menningunni og við eigum bara að sætta okkur við það besta.“

Liður í því að styrkja flæðið

Að þessu sögðu þá finnst Önnu Birnu eins og málin séu loksins að hreyfast í tíð núverandi ráðherra, Willums Þórs Þórssonar. „Maður er að sjá eitthvað gerast. Það endurspeglar meðal annars í endurhæfingarúrræði sem við vorum að opna með samningi við Sjúkratryggingar. Einnig var verið að fjölga endurhæfingarúrræðum hjá Eir. Petta er liður í því að styrkja flæðið og gefa fólki tækifæri til að ná betri heilsu og auðvelda því þar með sjálfstæða búsetu áfram. Þannig hjálpar þetta líka þyngsta og snúnasta þjónustustiginu sem er Landspítalinn. Það hlýtur að vera jákvætt. Hafandi sagt það þá mættu fjárveitingar að ósekju vera hærrí og bjargráð fleiri. Það er mikill vilji til að gera betur en til þess þarf meira fjármagn. Það segir sig sjálft.“

Lengi hefur verið vilji til að fjölga rýmum í Sóltúni en lítið þokast í rétta átt. „Nú erum við þó komin með samning fyrir rekstri 40 viðbótarrýma hér í Sóltúni og deiliskípulag upp á stækkun úr 92 rýmum í 150. Það sem stendur í veginum er að ganga frá leiguleiðinni, það er að hið opinbera ákveði hvernig það muni leigja húsnæði undir starfseminna ef einkaaðili byggir húsnæði. Um leið og gengið verður frá þeim lið þá hefjumst við handa. Allt er klárt af okkar hálfu og framkvæmdin í raun einföld. Við lengjum bara álmurnar hjá okkur og hækkum húsið sem þegar er heimild til í samþykktu deiliskípulagi. Þannig væri hægt að taka þessi rými í notkun innan tveggja ára.“

Anna Birna minnr á að hér sé ekki um eiginlega einkavæðingu að ræða, heldur geri ríkið og einkafyrirtæki með sér samning, þar sem því síðarnefnda er falið að annast verkefni fyrir hönd ríkisins. „Við höfum tuttugu ára sögu sem for-dæmi fyrir því að þetta fyrirkomulag getur gengið ljómandi vel.“

Það er sama hvert lítið er í Evrópu og öðrum löndum sem við berum okkur saman við, allar þjóðir eru að eldast og hlutfall aldraðra að hækka. Anna Birna bendir á, að á Evrópska efnahagsvæðinu hafi á tímabilinu 2009-2018 hafi vinnufæru fólki fjölgað um 5% en í öldrunarþjónustunni var fjölgunin 24%. „Evrópuþjóðir eru að vísu hlutfallslega eldri en við en þessar tölur sýna samt glögg við hvað er að etja. Það skortir almennt starfsfólk í öldrunar- og félagsþjónustu og Sóltún er þátttakandi í evrópsku verkefni, sem



Ljósmynd/Baldur Kristjánsson

Anna Birna ásamt Höllu Thoroddsen sem tekur við starfi forstjóra Sóltúns heilbrigðisþjónustu.

Tékkar leiða. Markmiðið með verkefninu er að bæta ímynd og auka virðingu fyrir störfum við öldrunarþjónustu og með eldri borgurum, meðal annars með tilliti til launa. Eins og við þekkjum eru þetta gjarnan láglauastörf sem ófaglærðir sinna. Petta er mjög aðkallandi þjóðfélagsverkefni enda kemur þörfin fyrir starfsfólk bara til með að aukast.

Lífskjarasamningarnir og verkefnið „Betri vinnutími“ með styttingu vinnuvikunnar var mesta kjarabót sem starfsfólk í heilbrigðisþjónustu hefur fengið í áratugi. Það var mikil áskorun sú umbreyting, þar sem það kallar á verulega fjölgun stöðheimilda til að sinna verkefnum og þar með þarf að laða fleira fólk til starfanna.“

Amma mín var hérna

Fólk kemur úr ýmsum áttum og Anna Birna segir alltaf gaman að fá til sín fólk sem þekki til starfseminnar. „Amma mín var hérna og mér leist svo vel á aðstæður. Get ég fengið vinnu?“ Í framhaldinu fer viðkomandi svo jafnvel í nám í heilbrigðisgreinum. „Það er mikil viðurkenning fyrir okkur.“

Margir vinna með námi á Sóltúni og finna sér jafnvel maka í leiðinni. „Mikil ósköp,“ segir Anna Birna brosandí. „Þau eru ófá, Sóltúnsbörnin. Það er svo margt sem gerist í svona umhverfi, hér er alltaf fólk að störfum og þjónustan lokar aldrei. Það er gaman að taka þátt í gleðinni með starfsfólkinu.“

Hluti starfsmanna Sóltúns er af erlendu bergi brotinn en krafu er gerð um að fólk tali íslensku. „Það er aðeins misjafnt en langflestir tala ýmist góða íslensku, eru jafnvel fæddir hér, eða geta gert sig vel skiljanlega og skilja aðra. Þeir starfsmenn sem hafa takmarkaða íslenskukunnáttu eru venjulega ekki í starfi sem snýr að íbúum og þjónustu.“

Petta hefur breyst mikið á undanförunum tveimur áratugum. Anna Birna man eftir úttekt sem gerð var í blábyrjun Sóltúns sögunnar. Þá voru aðeins 9 af yfir 200 starfsmönnum af erlendum uppruna. „Núna tekur enginn eftir því hvort starfsmaðurinn er íslenskur eða af erlendu bergi brotinn en fyrir tuttugu árum var tíðarandinn annar og jafnvel brögð að því að íbúar kærðu sig ekki um aðstoð frá fólki frá hinu eða þessu landinu. Það vandamál er nú sjaldséð.“

Anna Birna segir þetta hafa komið vel í ljós í heimsfaraldrinum, sem hún viðurkennir að hafi verið stærsta áskorun síns faglega lífs, en hún brautskráðist sem hjúkrunarfræðingur fyrir 40 árum. „Það var mjög ánægjulegt að sjá hversu vel allir þjöppuðu sér saman við þessar erfiðu aðstæður sem sköpuðust. Fólk gaf allt sem það átti og fyrir það mætti þakka miklu betur en gert hefur verið, af hálfu samfélagsins og hins opinbera.“

– Starfsfólk skuldbatt sig jafnvel til að umgangast ekki aðra utan vinnu, ekki satt?

„Já, það helgaði sig starfinu og sló skjaldborg um þessa viðkvæmstu hópa.“

Vakti athygli víða erlendis

– Og það gekk vel, er það ekki?

„Jú, það gekk mjög vel og Ísland vakti athygli víða erlendis fyrir það hversu vel okkur gekk að halda veirunni í skefjum og dánartíðni í elsta aldurshópnum niðri. Þar vegur smæðin að mínu mati þungt; það er svo auðvelt að ná til fjöðans þegar á þarf að halda. Stýrihópur landlæknis og sóttvarnalæknis vann líka gott starf og við hjálpuðumst öll að. Fundað var á Teams um allt landið og menn deildu aðferðum og leiðum. Við áttum líka einstakt samstarf við íbúana og aðstandendur þeirra sem sýndu þessu ástandi mikinn skilning. Ég hefði aldrei trúað því, með þá hugmyndafræði sem við leggjum upp með, að ég ætti eftir að þurfa að takmarka heimsóknir aðstandenda hingað. Petta var alveg fáránlegt. En það var um líf og dauða að tefla og ekki annað að gera. Og á heildina lítið tókst þetta afbragðsvel svo eftir var tekið.“

Anna Birna þekkir vel til erlendis og veit dæmi þess að starfsfólk hjúkrunarheimila hafi veikt af Covid-19 og þurft að fara af vinnustaðnum og íbúarnir urðu eftir. „Svo veiktust þeir líka og dóu í sumum tilvikum vegna umönnunarskorts. Til allrar hamingju kom ekki til þess hérlendis. Ef það vantaði fólk á Ísafirði þá var það bara sent þangað og svo framvegis.“

Anna Birna vissi, frá því löngu áður en hún opnaði Sóltún, að þetta væri stærsta vátta sem heilbrigðiskerfið stæði frammi fyrir, sýking af þessu tagi sem orðið gæti að faraldri, jafnvel á heimsvísu. „Við til dæmis hönnuðum þetta hús með tiliti til þess. Petta er allt einbýli með sér baðherbergi fyrir hvern og einn. Það var einnig gert nú við spítalann sem menn eru enn þá að byggja. Við verðum að geta brugðist við, komi upp faraldur af þessu tagi. Plágurnar munu koma, það liggur fyrir. Petta er ekki sú síðasta. Það er bara spurning hvernig þær verða. Þess vegna gengur ekki að vera með fjölbýli fyrir aldraða og sameiginleg klósett. Verkefnum þarf að háttá þannig að þörfum samfélagsins sé mætt.“

– Ertu bjartsýn á nánustu framtíð í öldrunarþjónustu?

„Já, ég er það á heildina lítið. Biðlistar eru að vísu enn þá of langir og of margir bíða í óviðunandi úrræðum en samt sem áður hefur margt gerst. Þá er ég helst að tala um að húsakostur hefur batnað og fjölbýlin á hraðri útleið. Eldri heimilin hafa verið að breyta sínum gömlu byggingum í sérbýli fyrir nýja íbúa og um leið og þau gera það þá eru þau að bæta vinnuumhverfi starfsmanna. Petta hefur fengið byr hjá öllum rekstraraðilum, einkaaðilum, ríki og sveitarfélögum sem skiptir mjög miklu máli. Verkefni eru ærin en við eigum að ráða við þau. Sóltún heilbrigðisþjónusta er í öllu falli til þjónustu reiðubúin. Ríkisvaldið ræður ekkert við

þetta eitt og fyrir vikið verðum við að taka höndum saman. Það mælir allt með því að tengja saman aðila og snúa saman bökum.“

Að færa sig að nútímanum

– Þannig að þú sérð fyrir þér að aðkoma einkafyrirtækja komið bara til með að aukast?

„Já, það er óhjákvæmilegt. Ríkið er eiginlega ekki að reka nein hjúkrunarheimili lengur, það er á hendi sveitarfélaga, félagasamtaka og einkafyrirtækja og hefur gefið góða raun. Menn eru alls staðar að reyna að vanda sig og færa sig að nútímanum sem mér finnst ganga mjög vel. Vinnan í sambandi við Covid þjappaði þessum aðilum enn betur saman enda erum við öll að berjast fyrir hagsmunum eldri borgara og að þeirra þörfum sé mætt sem skyldi. Maður myndi ætla að þetta fólk ætti það inni hjá okkur. Fordómar í garð aldraðra eiga ekki heima í okkar samfélagi.“

Anna Birna bendir á, að þjóðfélagsgerðin okkar sé um margt heppileg þegar kemur að því að hlúa að öldruðum. Fjölskylduböndin séu víða sterk og mikið haldreipi fyrir aldraða í börnum, barnabörnum og jafnvel barnabarnabörnum sem oftar en ekki búa í sama byggðarlagi. Víða erlendis sé þetta ekki sjálfgefið og fyrir vikið standi aldraðir oft einir. „Við getum samt ekki gefið okkur að þetta verði alltaf svona, að ættingjar beri hitann og þungann af umönnun aldraðra. Hér á Sóltúni er þó nokkuð um fólk sem á börn sem búa erlendis og þá skiptir sköpum að til staðar sé þjónusta og stuðningur.“

Hún segir aukin brögð að því að fólk kjósi að búa eitt, þó það eigi ef til vill samferðamannskju annars staðar. Svokölluð fjarbúð. „Petta kallar á auknið álag á heilbrigðiskerfið, því ef fólk þarf að fara í aðgerðir þá er enginn á heimilinu til að standa vaktina fyrstu dagana eftir að komið er heim. Þá þarf heimaþjónustan að fara þangað. Petta er þróun sem kannski ekki margir hugsa út í en þarf svo sannarlega að gefa gaum.“

Anna Birna nefnir einnig sambönd eldra fólks sem ekki hafa staðið lengi. Það hefur kannski misst lífsförunautinn en fundið sér nýjan maka. Komi til heilabilar hjá öðrum einstaklingnum sé alls ekki sjálfgefið að nýi makinn sé tilbúinn að taka þátt í þeim slag og öllu sem honum fylgir. Í blíðu og stríðu-loforði hafi aldrei verið gefið. „Við höfum séð slík sambönd gliðna hér hjá okkur og þá stendur viðkomandi kannski eftir einn.“

Á ekki eftir að leiðast

Við beinum sjónum aðeins að Önnu Birnu sjálfri undir lokin en þessi fyrirhugaða breyting á hennar högum hlýtur að kalla á nýjan takt í hennar lífi.

„Jú, jú, mikil ósköp,“ segir hún hlæjandi. „Það er heimikið starf að reka svona hjúkrunarheimili. Ég hef mörg áhugamál og hugðarefni sem ég hef aldrei gefið upp á bátinn og hef engar áhyggjur af því að mér eigi eftir að leiðast. Öldrunarþjónustan hefur verið ein af þeim og ég mun auðvitað fylgjast vel með henni áfram. Ég er líka allhlíða útivistarmannskja og núna gefst meiri tími til að sinna því. Svo á ég fjölskyldu og barnabörn og hlakka til að verja meiri tíma með þeim. Þegar allt kemur til alls þá snýst þetta líf voða mikið um fjölskylduna, það hef ég meðal annars lært af því að vera svona mikið innan um eldri borgarana síðustu 40 árin. Þegar hægist um, fólk minnkar við sig og missir samferðafólk þá er mesta gleðin í lífinu fölginn í samneyti við sína nánustu. Oft í dagsins önn gegnum ævina gefur fólk þessu ekkert endilega gaum, það bara gerist. Ungir foreldrar eru ekkert að telja eftir sér að vera með börnin sín enda er það bara lífið og það helst áfram fram eftir öllu.“

– Eru tuttugu ár hæfilegur tími í svona starfi?

„Ég myndi halda að það ætti að vera styttra,“ svarar hún hlæjandi, „en á móti kemur að ég hef varla tekið eftir því að tuttugu ár séu liðin, raunar 22 núna í janúar. Það helgast af því að starfið hefur alla tíð verið gífurlega spennandi og mér hefur alltaf þótt gaman að fara í vinnuna. Auðvitað er maður mikið til að glíma við erfiðleika í þessu starfi og ég tek mörg símtöl á dag við aðstandendur sem lýsa áhyggjum sínum, ekki síst þegar ástvinur þeirra er að bíða eftir að koma hingað inn. Í fjölmönnum starfsmannahópi gerist líka allt mögulegt, gleði og sorg og vinnustaðurinn kemur inn í það eins og gengur. En á móti kemur að þetta er alveg ofboðslega gefandi og mikils virði að sjá fólk eiga gleðilegt og notalegt ævikeöld.“